

## **Fimmti fundur skráningarráðs Gegnis**

### **Fimmtudaginn 8. janúar 2004**

Fimmti fundur skráningarráðs haldinn í húsakynnum Landskerfis bókasafna, Borgartúni 38, fimmtudaginn 8. janúar kl. 14:00.

Fundarmenn:

Auður Gestsdóttir

Guðný Ragnarsdóttir

Herdís Tómasdóttir

Þóra Sigurbjörnsdóttir

Þórdís T. Þórarinsdóttir

Sigrún Hauksdóttir, Ragna Steinarsdóttir, Hildur Gunnlaugsdóttir og Fanney Sigurgeirsdóttir sátu fundinn auk skráningarráðs.

Sólveig Þorsteinsdóttir og Anna Sigríður Guðnadóttir sátu fundinn þegar 1. dagskrárliður a) var ræddur. Elísabet Halldórsdóttir sat fundinn meðan 1. dagskrárliður a) og b) voru ræddir.

Dagskrá:

#### **1. Efnisorð.**

##### **a) Erindi frá Bókasafns- og upplýsingasviði LSH**

Rætt var um hvernig MeSH efnisorðin væru notuð í Gegni.

- Nú er hægt að leita eftir MeSH efnisorðum í flettileit, en möguleikinn fellur út þegar leitinni er haldið áfram eftir að niðurstöður birtast.
- Rætt var um hvort áfram ætti að vera möguleiki á að leita sér í MeSH eða hvort þau ættu að birtast með öðrum efnisorðum. Samræma þarf notkun á MeSH.
- Farið var fram á að landaheiti væru tekin út úr MeSH færslum sem hefðu verið sóttar.
- Rætt var um röðun niðurstaðna. Nú er röðun mismunandi eftir því hvort færsla hefur verið flutt eða skráð hér.

##### **Niðurstöður:**

Sigrún ætlar að athuga hvort hægt er að stroka út deilisvið x í 650 úr MeSH færslu globalt. Samþykkt var að taka út landaheiti.

Sólveig ætlar að senda skráningarráði erindi um það hvernig LSH vill haga málum

Sigrún og Ragna ætla að spyrja MIT og Harvard um hvernig MeSH færslum sé hagað hjá þeim.

Eftir þetta dagskrármál viku Sólveig og Anna Sigríður af fundi.

##### **b) Strengir í 650 sviðinu í færslum sem hafa verið sóttar.**

Notkun á t.d. Þýskaland – Saga. Einnig var rætt um skráningu á tímabilum. Nú eru tímabil afmörkuð skv. Dewey-kerfinu.

Taka þarf ákvörðun um hvernig þessu verður háttað, þ.e. hvort á að nota strengi eða stök orð. Ekki er hægt að breyta strengjum globalt. Þóra kom með tillögu um að skipa starfshóp til að koma með tillögur um samræmda efnisorðanotkun varðandi land, sögu og tímabil, listir o.fl. Kalla þarf inn sérfræðinga varðandi hvert mál t.d. Herdís varðandi listir. Hvenær á að fara eftir ISO staðli og hvenær ekki og þá hvers vegna.

### **Niðurstaða:**

Í vinnuhóp til að móta stefnu um efnisorðaval og undantekningar voru skipaðar. Elísabet Halldórsdóttir, Guðný Ragnarsdóttir, Ragna Steinarsdóttir og Þórdís T. Þórarinsdóttir. Elísabetu var falið að kalla hópinn saman.

Eftir þetta dagskrármál vék Elísabet Halldórsdóttir af fundi.

### **2. Fundagerðir**

Rætt var um ritun fundargerða og birtingu þeirra á vef landskerfis.

**Samþykkt var** að ritari sendi fundarmönnum fundargerð með tölvupósti eigi síðar en viku eftir fund. Fundarmenn geta síðan gert athugasemdir. Fundargerð er síðan samþykkt á næsta fundi og fer eftir það á vef.

### **3. Greiniskráning tímarita.**

Auður lagði fram lista yfir tímarit sem eru greiniskráð á Lbs - Hbs

Umræður urðu um hvaða greinar ætti að skrá, t.d. smælki. Rætt var um nauðsyn þess að setja reglur um það.

Þóra lagði til að skiptingu greiniskráningar tímarita yrði frestað fram á næsta fund en þá yrði búið að klára lista um greiniskráningu úr Feng.

Rætt var um hvaða söfn kæmu til greina til að sinna greiniskráningu. Þetta þarf að athuga um leið og skráningarnámskeið eru haldin.

### **4. Erindi Bókasafns Hafnarfjarðar til skráningarráðs v. skráningar á tónlistarefni 07.01.2004.**

Í erindinu er óskað eftir að skráningarráð hafi forgöngu um að gerðar verði ítarlegar og samræmdar reglur um skráningu tónlistarefnis. Einnig er óskað eftir því að tekið verði tillit til stærðar tónlistardeildar bókasafnsins á landsvísu þegar verkaskipting á skráningu tónlistarefnis er rædd.

### **Niðurstaða:**

Bíða þarf þess að skráningarfólk aðildarsafna Fengs sé búið að fara á skráningarnámskeið. Þá verður vinnuhópur settur á laggirnar. Þóra tekur að sér að svara bréfinu.

### **5. Staðgengill Hildar Gunnlaugsdóttur kynntur.**

Fanney Sigurgeirsdóttir verður staðgengill Hildar í veikindum hennar um óákveðinn tíma. Fanney er boðin velkomin til starfa.

### **6. Önnur mál**

Auður benti á að áminna þyrfti skrásetjara um að athuga nafnmyndaskrána. Ekki bæta inn nafnmyndum að óþörfu.

Ragna benti á að skoða þyrfti nafnmyndaskrána í heild í átaksverkefni. Ragna greindi frá því að búið væri að skilgreina lagfæringar í nafnmyndaskrá sem átaksverkefni á Landsbókasafni í janúar og febrúar. Búið er að skipta verkinu í þætti og fá fólk til að vinna við hvern þátt.

Rætt var um ártöl í höfundafærslu. Vegna tæknlegra vandkvæða er ekki hægt að nota f. og d. Einnig var rætt um skráningu á sviði 856.

Fundi slitið um 16:20.

Ákveðið var að næsti fundur yrði 5. febrúar.

Fundarritari

Guðný Ragnarsdóttir